

**Nd.**

**176. Tillaga**

til þingsályktunar um talstöðvar.

(Eftir fyrri umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að rannsaka, hvar hentugast sé að reisa talstöðvar viðsvegar um landið, og leggja niðurstöðu þeirrar rannsóknar fyrir næsta þing ásamt áætlun um kostnað. Skal við rannsóknina aðallega hafa þrennt fyrir augum:

- 1) veðurfregnir,
- 2) aflafréttir og
- 3) slysavarnir.

Þó verði þegar á næsta sumri reistar allt að þremur talstöðvum á þeim stöðum, þar sem þörfin er brýnust.